

# ÁRSSKÝRSLA

NÁTTÚRUSTOFU  
VESTURLANDS

2001



# Ársskýrsla Náttúrustofu Vesturlands 2001

Róbert Arnar Stefánsson  
og Menja von Schmalensee



# Efnisyfirlit

1.	NÁTTÚRUSTOFUR .....	4
1.1.	<i>Hlutverk náttúrustofa</i> .....	4
1.2.	<i>Saga náttúrustofa</i> .....	4
1.3.	<i>Náttúrustofa Vesturlands</i> .....	5
2.	HELSTU VERKEFNI ÁRSINS .....	6
2.1.	<i>Rannsóknir</i> .....	6
2.1.1.	<i>Eigin rannsóknir</i> .....	6
2.1.2.	<i>Vöktunarrannsóknir</i> .....	9
2.1.3.	<i>Þjónusturannsóknir</i> .....	10
2.2.	<i>Álitsgerðir</i> .....	12
2.3.	<i>Breiðafjarðarnefnd</i> .....	12
2.4.	<i>Uppbygging aðstöðu og búnaðar</i> .....	13
2.5.	<i>Samstarf</i> .....	13
3.	NÁTTÚRUFRÆDISAFN ÍSTYKKISHÓLMI.....	13
4.	STARFSFÓLK .....	14
5.	FYRIRLESTRAR ÁRSINS .....	14
6.	RITASKRÁ ÁRSINS.....	15

# 1. NÁTTÚRUSTOFUR

## 1.1. Hlutverk náttúrustofa

Náttúrustofur starfa samkvæmt lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Á árinu 2001 var á Alþingi lagt fram frumvarp um breytingu á þeim lögum en það náði ekki fram að ganga. Samkvæmt gildandi lögum eru hlutverk náttúrustofa eftirfarandi:

- a) Að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta.
- b) Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál.
- c) Að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Þá er náttúrustofu heimilt að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

Í reglugerð nr. 512/1997 um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi er nánar kveðið á um hlutverk hennar en þau eru að:

- a) stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Vesturlands,
- b) safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Vesturland og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum,
- c) stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum á Vesturlandi,
- d) veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Vesturlandi,
- e) veita sveitarfélögum á Vesturlandi umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar, m.a. vegna verndar og nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir,
- f) vinna markvisst með rannsóknum að því að auka þekkinguá náttúru Breiðafjarðar í samvinnu við Breiðafjarðarnefnd, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík, sbr. lög nr. 54/1995, um verndun Breiðafjarðar.

## 1.2. Saga náttúrustofa

Náttúrustofur eru ungar stofnanir í uppbyggingu en reyndar eru þær mjög mislangt á veg komnar. Fyrsta náttúrustofan var Náttúrustofa Austurlands, sem sett var á laggirnar í Neskaupstað árið 1995. Önnur í röðinni var Náttúrustofa Suðurlands í Vestmannaeyjum árið 1996 en þriðja Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík, sem stofnsett var síðar sama ár. Sú fjórða í röðinni var Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi, sem stofnuð var árið 1998. Þá var komið að Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki, sem stofnuð í byrjun árs 2000 og sú sjötta er Náttúrustofa Reykjaness í Sandgerði en hún hefur enn ekki verið formlega opnuð.

Með náttúrustofunum átti að færa hluta náttúrurannsókna út á landsbyggðina og skapa þannig störf fyrir menntaða náttúrufræðinga. Þær áttu að vera sveitarfélögum, fyrirtækjum og almenningi til ráðgjafar og fræðslu. Þetta er allt að

ganga eftir og eru náttúrustofurnar smám saman að festa sig í sessi sem mikilvæg viðbót við mannlífið á landsbyggðinni.

### 1.3. Náttúrustofa Vesturlands

Náttúrustofa Vesturlands er staðsett í ráðhúsi Stykkishólmsbæjar við Hafnargötu. Húsið var áður kaupfélag, sem byggt var árið 1931, en verslunarrekstur lagðist þar af árið 1987. Eftir að húsið hafði staðið autt um nokkurt skeið, var ákveðið að taka það undir ráðhús. Hófst þá gagnger endurnýjun hússins og bæjarskrifstofunnar fluttu í það árið 1998. Gengið var frá kaupum Náttúrustofunnar á tæplega helmingi 2. hæðar árið 2000.

Fyrstu stjórn Náttúrustofunnar skipuðu þeir Aðalsteinn Þorsteinsson, formaður, Rúnar Gíslason og Ríkharð Brynjólfsson. Aðalsteinn var skipaður af umhverfis-ráðherra, Rúnar af Stykkishólmsbæ en Ríkharð af Sambandi sveitarfélaga á Vestur-landi. Ragna Ívarsdóttir tók við formennsku af Aðalsteini í júní 1999.

Tíð forstöðumannaskipti urðu til þess að starfsemin komst fyrst almennilega á stað árið 2001. Róbert A. Stefánsson hóf störf sem forstöðumaður í desember 2000 en áður höfðu tveir menn gegnt forstöðu en það voru dr. Kristján Geirsson, sem var ráðinn snemma árs 1999 og dr. Jón Baldur Sigurðsson, sem starfaði frá nóvember 1999 til september 2000.

Umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, opnaði Náttúrustofu Vesturlands formlega þann 28. júní 2001 að viðstöddu fjölmenni. Fyrir utan að Náttúrustofan opnaði, var þetta merkur dagur fyrir Vestlendinga vegna þess að þá var einnig stofnaður Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull. Ýmsir tóku til máls á opnun Náttúrustofunnar og féllu þar falleg orð í hennar garð. Almenn einkenndist opnunin af jákvæðni og bjartsýni, sem vonandi skila sér beint inn í starfsemi hennar.

Starfsemi Náttúrustofunnar komst á gott skrið á árinu en uppbygging og efling starfseminnar mun þó halda áfram í a.m.k. nokkur ár í viðbót.



**1. mynd.** Snæfellsjökull er formfögur eldkeila og helsta kennileiti Snæfellsness. Talið er að síðast hafi gosið í jöklinum fyrir u.þ.b. 1800 árum (ljósm. Sigrún Bjarnadóttir).

## 2. HELSTU VERKEFNI ÁRSINS

Árið 2001 var viðburðaríkt í starfsemi Náttúrustofu Vesturlands og í raun fyrsta ár eiginlegrar starfsemi. Stofunni hefur almennt verið mjög vel tekið og lofar reynsla þessa árs góðu um framhaldið.

Á árinu voru framkvæmdar fyrstu rannsóknirnar í nafni stofunnar en þar fyrir utan fór dágóður tími í álitserðir, uppbyggingu rannsóknnaðstöðu o.fl.

### 2.1. Rannsóknir

#### 2.1.1. Eigin rannsóknir

##### 2.1.1.1. Minkar

Náttúrustofa Vesturlands fékk styrki frá Íslenska álfélaginu hf. og Framleiðnisjóði landbúnaðarins til þess að rannsaka minka á Snæfellsnesi. Að auki styrkti Veði stjórnembættið verkefnið með því að leggja til lífgildir.

Verkefnið fjallar um stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi og áhrif veiða á hann, auk þess sem upplýsingarfást um náttúruleg vanhöld og ferðir minka.

Minkaveiðar undanfarna áratugi hafa ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Þær hafa vissulega haft ákveðið verndargildi við mikilvæg fuglavörp en engin merki eru um að veiðarnar hafi haft áhrif á heildarstærð minkastofnsins á Íslandi.

Með því að þekkja raunverulega stærð minkastofnsins og þar með veiðiálagið á hverju svæði, mætti í fyrsta skipti taka ákvarðanir í sambandi við stjórnun minkaveiða, sem líklegar væru til að skila árangri í samræmi við þó fjármagn sem veitt er til veiðanna. Með þetta að leiðarljósi hófu Veðistjóraembættið og Líffræðistofnun Háskólans rannsóknir á villtum minkum í Skagafirði sumar og haust 2000. Páll Hersteinsson prófessor skipulagði verkefnið ásamt Róberti A. Stefánssyni, sem þá var starfsmaður Veðistjóraembættisins, en framkvæmdin var í höndum Róberts. Tilgangur rannsókna var að kanna hvort hagkvæmt gæti reynst að meta fjölda minka á stóru svæði með veiðum, merkingum og endurheimtum. Um leið fengjust upplýsingar um veiðiálagið á stofninum, ferðir minkanna frá merkingarstað þangað sem þeir veiðast og jafnvel aldursháða dánartíðni. Allt eru þetta mikilvægar upplýsingar þegar kemur að stjórnun veiða.

Reynslan af forathuguninni í Skagafirði var góð og var því ákveðið að ráðast í stærra verkefni árið 2001 en markmiðið nú var að ákvarða stærð minkastofnsins á Snæfellsnesi. Framkvæmdin var í höndum Náttúrustofunnar, þar sem Róbert var þá orðinn forstöðumaður.

Veitt var í lífgildir víðs vegar um Snæfellsnes á tímabilinu ágúst-október 2001. Veiðar hófust síðar en áætlað var eða eftir miðjan ágúst, vegna seinkunar á afhendingu gildra frá framleiðanda, og stóðu út októbermánuð.

Samtals veiddust 84 minkar á 1.461 gildrunótt<sup>1</sup>, sem teljast verður gott í ljósi þess hversu seint véðar hófust. Þetta jafngildir 5,75 % veiðni<sup>2</sup> (1. tafla).

<sup>1</sup> Gildrunótt jafngildir einni gildru spenntri í einn sólarhring. Fjöldi gildrunátta er reiknaður þannig: Fjöldi spennta gildra dag hvern x fjöldi daga sem veitt er.

<sup>2</sup> Veiðni er mælikvarði á fjölda veiddra minka miðað við veiðiátak. 5% veiðni jafngildir t.a.m. því að 5 dýr veiðast á hverjum 100 gildrunóttum.

**1. tafla.** Samantekt á fjölda gildrunátta og fjölda veiddra minka í rannsókn Náttúrustofu Vesturlands á Snæfellsnesi.

	Fjöldi gildrunátta	Veiddir minkar	Veiðni %
Agúst	706	36	5,10
September	420	28	6,67
Október	335	20	5,97
Samtals	1461	84	5,75

Minkarnir voru merktir á tvennan hátt: Annars vegar með örmerki undir húð, þannig að greina mætti einstaklinga þegar þeir endurheimtust, en hins vegar með frostmerki á utanverðu læri afturfótar. Heppnist frostmerki, kemur það fram sem hvít hár eða hvítur blettur á lærinu, sem veiðimenn geta greint. Í ljós kom að í sumum tilfellum heppnaðist merkingin ekki eins og til var ætlast og var hún þá ógreinileg eða ósýnileg. Hins vegar heppnaðist hún vel á fjölmörgum dýrum.



**2. mynd.** Rannsóknir Náttúrustofu Vesturlands munu vonandi koma að notum við stjórnun minkaveiða í framtíðinni (ljósm. Magnús Magnússon).

Stærð minkastofnsins verður metin út frá fjölda endurheimtra minka á næstu 23 árum, þ.a. upplýsingar um stærð stofnsins haustið 2001 ættu að liggja fyrir árið 2004 en hlutfallslega fáir minkar ná meira en tveggja ára aldri. Við endurheimtur minka er samstarf við minkaveiðimenn á Vesturlandi geysilega mikilvægt. Þeim var sent bréf þar sem beðið var um aðstoð við rannsóknina og

til þeirra beint þeim tilmælum að senda alla veidda minka, hvort sem merki sæust eður ei, til rannsóknar á Náttúrustofu Vesturlands. Veiðistjóraembættið greiðir verðlaun fyrir alla merkta minka, kr. 5.000, og kemur sú upphæð til viðbótar hefðbundnum veiðilaunum.

Fyrstu niðurstöður komu strax um haustið þegar merktir minkar endurheimtust í lífgildrum Náttúrustofunnar fjarri þeim stöðum sem þeir voru merktir á. Þrír minkar endurheimtust 35 km eða meira frá upphaflegum veiðistað, mælt sem stysta lóflína yfir landi. Ung læða endurheimtist 35 km frá merkingarstað 10 dögum eftir merkingu en ungur steggur 38 km og ung læða 43 km frá merkingarstað u.þ.b. mánuði eftir merkingu. Sú síðastnefnda virðist auk þess hafa farið þvert yfir Snæfellsnes fjallgarðinn. Þessar upplýsingar eru ákaflega athyglisverðar og mikilvæg viðbót við þekkingu okkar á minknum. Þær skýra, a.m.k. að hluta, þá reynslu veiðimanna að hversu vel sem þeir „hreinna“ sitt svæði á hverju sumri, veiðast minkar á sama svæði ári síðar. Þessar vegalengdir sýna sömuleiðis að minkar merktir á austanverðu

Snæfellsnesi geta hæglega ferðast suður í Borgarfjörð eða austur í Dali og jafnvel lengra.

Verkefnið verður endurtekið á árinu 2002 með aukaframlagi af fjárlögum ríkisins. Endurtekning er mikilvæg af a.m.k. tveim meginástæðum. Í fyrsta lagi mun reynsla aðstandenda sennilega skila sér í því að fleiri dýr munu veiðast á næsta ári, sem gerir stofnstærðarmatið mun áreiðanlegra, auk þess sem meiri upplýsingar fást um ferðir og náttúrulega dánartíðni minka. Í öðru lagi leikur grunur á að nokkrar sveiflur séu af náttúrulegum orsökum í fjölda minka á hverju svæði. Þessi grunur hefur vaknað eftir samtöl við fjölda veiðimanna og við skoðun veiðitalna síðustu áratuga. Með endurtekningu fást tvær mælingar á stofnstærðinni sem auðveldar vísindamönnum og stjórnmálamönnum að túlka niðurstöðurnar og e.t.v. að bregðast við þeim með breyttum áherslum í veiðum, sem skiluðu betri árangri í baráttunni við minkinn og/eða spöruðu fjármagn.

### 2.1.1.2. Ernir

Skipulögð var rannsókn á haferninum, í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Háskóla Íslands, sem nefnist “Áhrif erfðabreytileika og mengunarefna á viðkomu arnarins.” Ekki tókst að afla fjár til þess í þetta skipti en engu að síður hófst sýnataka fyrir verkefnið.

Íslenski arnarstofninn er smár og er enn í útrýmingarhættu þrátt fyrir alfriðun og aukna verndun í áratugi. Vitað er að í kringum aldamótin 1900 var stofninn mun stærri og ernir verptu víða um land. Vegna skotveiða og eitrunar fyrir refi varð gífurleg fækkun þar til eftir 1970 er stofninn tók loks að rétta úr kútnum og hefur örnum fjölgað hægt síðan; of hægt að margra mati. Markmið verkefnisins er að kanna tvo þætti sem mögulega hafa hamlandi áhrif á vöxt arnarstofnsins. Annars vegar magn mengunarefna í erninum en vitað er að ýmis mengunarefni geta dregið úr frjósemi dýra og eru dýr á toppi fæðukeðjunnar sem lifa á sjávarfangi sérstaklega í hættu. Hins vegar erfðabreytileika stofnsins, sem mögulega er fremur lítil sökum þess hve fáir einstaklingar stóðu undir nýliðun stofnsins þegar hann var minnstur. Safnað var fimm fúleggjum úr arnarhreiðrum um sumarið til mælinga á styrk mengunarefna en blóð var tekið úr stálpuðum ungum á hreiðrum og fjaðrir úr fullorðnum fuglum til athugunar á erfðabreytileika stofnsins. Þekking á mengunarbyrði arnarstofnsins og erfðabreytileika er geysilega mikilvæg og myndi e.t.v. varpa ljósi á lélega viðkomu hans. Niðurstöður verkefnisins munu verða meðal þess sem lagt verður til grundvallar við ákvarðanatökur sem varða framtíð arnarstofnsins og munu koma að góðum notum ef gripið verður til aðgerða til hjálpar erninum.



**3. mynd.** *Arnarungi í hreiðri. Haförnum fækkaði mjög framan af 20. öldinni í kjölfar ofsókna og eitrunar fyrir refi. Stofninn rétti aftur úr kútnum eftir 1970 og hefur fjölgunin verið stöðug en mjög hæg síðan. Ástæða þykir til að rannsaka mögulega ástæður þess að örnum fjölgar ekk hradar þrátt fyrir friðun og mun stærri stofn áður fyrr (ljósm. Róbert A. Stefánsson).*



### 2.1.2. Vöktunarrannsóknir

Starfsemi náttúrustofa er að mörgu leyti heppileg til að stunda einhvers konar vöktun á umhverfinu. Það er þó m.a. háð því að fjármagn fái stíll þessara rannsókna eða að þær séu ódýrar og fljótlegar. Eftirfarandi vöktunarverkefni hófust á árinu:

#### 2.1.2.1. Vetrartalning fugla

Náttúrufræðistofnun Íslands gengst árlega fyrir vetrartalningu á fuglum víðs vegar um landið, sem yfirleitt á sér stað um eða upp úr áramótum. Áhugamenn um fugla telja þá fyrirfram ákveðin svæði ár eftir ár, sem getur gefið mikilvægar upplýsingar um breytingar í einstökum fuglastofnum. Fá svæði hafa verið talin á Vesturlandi norðan Borgarfjarðar en valið var að telja svæði sem nær frá Eiði í Kolgrafafirði að vegfyllingunni yfir Hraunsfjörð. Samtals sáust 1.409 fuglar af 17 tegundum í þessari talningu. Ætlunin er að telja þetta svæði árlega hér eftir og hugsanlega bæta við fleirum. Þá væri æskilegt að fá annað fugla og útivistaráhugafólk til að taka þátt í talningunni og fjölga talningarsvæðum.

#### 2.1.2.2. Vöktun rjúpnastofnsins

Dr. Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, hefur haft umsjón með vöktun rjúpnastofnsins undanfarin ár. Eins og kunnugt er, sveiflast stærð rjúpnastofnsins mikið milli ára en fá má hugmynd um stærðargráðu og lengd sveiflunnar með því að telja rjúpnakarra á óðulum sínum á sama svæði vor hvert. Ólafur hafði sjálfur komið sér upp talningarreit á Mýrum og tók Náttúrustofan þátt í talningu þar þetta árið.

Auk þess kom Náttúrustofan sér sjálf upp talningarreit á milli ána Skraumu og Dunkár í Hörðudal, innarlega við sunnanverðan Hvammsfjörð. Var sá reitur talinn með hjálp heimamanna úr Stykkishólmi, þeirra Reynis Halldórssonar og Rúnars Jónssonar. Rjúpnastofninn þetta vorið var sennilega nálægt lágmarki sínu en fjórir karrar sáust á svæðinu. Sams konar talning verður gerð árlega hér eftir.



4. mynd. Rjúpkarri í Búðahrauni. Rjúpnastofninn, sem sveiflast mjög mikið af náttúrulegum ástæðum, var líklega nálægt lágmarki sínu á árinu (ljósm. Róbert A. Stefánsson).

### 2.1.2.3. Vöktun arnarstofnsins

Í tæp 40 ár hefur Fuglaverndarfélag Íslands í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands haft eftirlit með hafarnarstofninum en það hefur aðallega falið í sér talningu á óðals- og varpfuglum auk unga að vori og fyrri hluta sumars. Þar fyrir utan hafa arnahreiður verið heimsótt í júlí og ungar merktir.

Um margra áratuga skeið um miðbik 20. aldar var stofninn afar faliðaður í kjölfar skotveiða og eitrunar fyrir refi. Upp úr 1970 fór að fjölga í stofninum og hefur hæg fjölgun haldið áfram til dagsins í dag.

Náttúrustofan hóf á árinu samstarf við Kristinn Hauk Skarphéðinsson, fuglafræðing á Náttúrufræði stofnun Íslands, sem haft hefur umsjón með vöktun arnarstofnsins undanfarin ár. Náttúrustofan kom lítillega að vöktuninni en starfsmaður hennar fór með Hallgrími Gunnarssyni, fuglaáhugamanni, í tvö hreiður á Snæfellsræsi til merkingar og blóðtöku úr ungum. Blóðtakan var hluti af öðru rannsóknarverkefni, sem lýst er í kafla 2.1.1.2.



**5. mynd.** Árlega eru arnarhreiður heimsótt og ungar merktir með stálhringjum. Stranglega bannað er að nálgast arnarhreiður án leyfis umhverfisráðuneytisins (ljósm. Róbert A. Stefánsson).

### 2.1.3. Þjónusturannsóknir

Viðbúið er að þjónusturannsóknir verði mikilvægur hluti af starfsemi Náttúrustofunnar. Afrakstur þessara rannsókna á árinu 2001 voru þrjár útgefnar skýrslur og ein óútgefn.

#### 2.1.3.1. Samanburður á notkun minkapvags og ætis til minkaveiða

Veiðistjóraembættið fór þess á leit við Náttúrustofuna að gera úttekt á því hvort nota mætti minkapvag frá búum til þessað lokka minka í gildirur. Tvær danskar stofnanir, Danmarks Miljøundersøgelser og Skov og Naturstyrelsen, gengust fyrir sams konar úttekt og var því leitað þangað eftir upplýsingum. Rannsóknin var enn í gangi og því lágu skýrslur Dananna ekki fyrir. Hins vegar fékk Náttúrustofan aðgang að frumgögnum og vann úr þeim. Helstu niðurstöðurnar voru að minkapvag má vel nota

sem agn í gildrum fyrir minka en að það er hvorki betra né verra m.t.t. veiðni en aðrar gerðir agns, s.s. fiskur og kjöt. Þvagið er hins vegar þægilegt að nota eftir að það er komið á úðabrusa. Við lagningu gildra virðist því agnið sem notað er ekki skipta mestu máli, heldur staðsetning gildrana og tímasetning veiðanna. Helsti galli dönsku rannsóknarinnar var að ekki var prófað að veiða án notkunar nokkurs agns. Skýrslu var skilað til veiðistjóra í mars.

### 2.1.3.2. Aldurshlutföll og dánarorsök toppskarfa í Breiðafirði

Að beiðni Héraðsdóms Vestfjarða, tók Náttúrustofan að sér greiningu á aldri og dánarorsök 115 toppskarfa, sem grunur lék á að hefðu verið veiddir með ólöglegum hætti í Breiðafirði. Skýrslu var skilað í júní. Náttúrustofan fékk að halda fuglahræjunum, sem nýtt verða til athugunar á fæðuvali toppskarfa, auk þess sem vefjasýni voru tekin úr fuglunum til varðveislu erfðaefnis.




**6. mynd.** *Toppskarfar verpa oftast á lágum klettum eða klettabrúnum í eyjum og skerjum. Þeir verpa eingöngu við vestanvert landið, langflestir í Breiðafjarðareyjum (ljósm. Róbert A. Stefánsson).*

### 2.1.3.3. Saurgerlar í sjó við Stykkishólm

Á undanförunum árum og áratugum hefur orðið mikil vakning í umhverfismálum í heiminum og hefur Ísland þar ekki verið undanskilið, þótt sumum finnist Íslendingar vera seinir að taka við sér að þessu leyti. Tilskipanir Evrópusambandsins um frárennismál hafa tekið gildi en þar er kveðið á um það hvernig standa eigi að skólplögnum og hreinsun skólps. Þessar reglur gilda einnig hér á landi og er nú þrýst fast á sveitarfélög að gera úrbætur í þessu efni. Stykkishólmsbærólf þess á leit við Náttúrustofuna að gera frumúttekt á ástandi sjávar við bæinn m.t.t. skólpmengunar, til að fá betri hugmynd um hvar helst væri úrbóta þörf. Í því skyni voru tekin sjávarsýni við allar helstu útrásir bæjarins í samvinnu við heilbrigðisfultrúann á Vesturlandi, Helga Helgason. Björgunarsveitin Berserkir í Stykkishólmi lagði til bát og bátsmann. Sýnin voru send til Hollustuverndar ríkisins til greiningar á fjölda saurkokka- og saurkólímbaktería, sem eru helstu bakteríurnar í skólpi. Þessi aðferð er tiltölulega ódýr leið til að fá grófa hugmynd um umfang skólpmengunar. Niðurstöður bentu til að helst væri úrbóta þörf á einu svæði en annars væri ástandið fremur gott, þökk sé kröftugum sjávarfallastraumum á svæðinu.

#### 2.1.3.4. Verður Keikó fluttur í Breiðafjörð?

Í byrjun nóvember kom erindi frá Keikó-samtökunum (Ocean Futures og Keikó-samtökunum á Íslandi), þar sem óskað var eftir úttekt Náttúrustofunnar á svæðinu í kringum Stykkishólm, m.t.t. þess hvort heppilegt væri að flytja háhyrninginn Keikó þangað frá Vestmannaeyjum. Upphaflega hugmyndin var að dýrið yrði laust en hefði



ávallt aðgang að fæðu og fylgst væri nákvæmlega með því. Náttúrustofan skilaði skýrslu í lok nóvember, þar sem fram kemur að svæðið er að flestu leyti mjög heppilegt í þessu tilliti og því var mælt með þessari hugmynd og komið með tillögur að staðsetningu. Síðar breyttist grunnhugmyndin, þannig að ætlunin var að halda dýrinu innan girðingar en þó með möguleika á að sleppa því lausu síðar meir. Ákvörðun samtakanna um flutning Keikós til Stykkishólms lá ekki fyrir í árslok.

**7. mynd.** Í árslok voru taldar miklar líkur á að háhyrningurinn Keikó yrði fluttur til Stykkishólms til varanlegrar dvalar eða þar til hann yrði frjálst á ný (ljósm. Brian O'Neill).

## 2.2. Álitsgerðir

Hér að framan hefur þegar verið fjallað um hluta þeirra álitsgerða sem Náttúrustofan lét frá sér fara á árinu (sjá kafla 2.1.3.) en þær voru þó mun fleiri og verða hér nefnd nokkur dæmi. Í mars var send athugasemd við matsáætlun um Snæfellsnesveg um Kolgrafafjörð. Í maí var send umsögn til Alþingis um tillögu til þingsályktunar um eyðingu villts minks og rannsóknir á minkastofninum. Í júní var, að beiðni Skipulagsstofnunar, gefið sérfræðiált vegna áhrifa Kárahnjúkavirkjunar á hreindýr, þ.e.a.s. lagt mat á matskýrslu og sérfræðiskýrslur. Þá var Náttúrustofan eftirlitsaðili með siglingum Sæferða ehf. að arnarhreidri í Breiðafirði og var skýrslu um þær skilað í ágúst.

Er þá ónefnt mikilvægtmál fyrir náttúrustofur, sem töluverður tími fór í, en það var frumvarp um breytingu á lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, sem lagt var fram á vorþingi. Náttúrustofurnar voru samtaka í sinni afstöðu og skiluðu nánast samhljóða álitsgerð til umhverfisnefndar Alþingis, þar sem efast var um að þessi breyting á lögnum væri tímabær vegna þess hve lítil reynsla væri komin á starfsemi náttúrustofa og að þær væru enn í uppbyggingu. Málið náði ekki fram að ganga á vorþinginu og var frumvarpið ekki lagt fram á haustþingi.

## 2.3. Breiðafjarðarnefnd

Breiðafjarðarnefnd starfar á grundvelli laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarð

myndana, lífríkis og menningarminja (1. gr.). Breiðafjarðarnefnd er skipuð sjö fulltrúum og er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna um vernd Breiðafjarðar.

Frá 1. janúar 2001 hætti umhverfisráðuneytið að hýsa og þjónusta Breiðafjarðar-nefnd og hófust þá samningaviðræður milli nefndarinnar og Náttúrustofu Vesturlands um að Stofan hýsti daglegan rekstur nefndarinnar. Þótti liggja beint við að flytja starfsemi nefndarinnar til Stykkishólms, sem er í mikilli nálægð við verndarsvæðið og auk þess kom nokkrir fulltrúar í nefndinni af svæðinu. Þeim viðræðum lauk með gerð þjónustusamnings, sem undirritaður var í seinni hluta maímánaðar og fluttist starfsemin til Náttúrustofunnar í byrjun júní. Starfsmaður var ráðinn í hlutastarf á Náttúrustofuna til að sinna verkefnum nefndarinnar, þ.á.m. að undirbúa og rita fundi. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel fyrir sig og eru báðir aðilar ánægðir með samstarfið.

## 2.4. Uppbygging aðstöðu og búnaðar

Á árinu hélt áfram uppbygging rannsókn- og skrifstofuaðstöðu, tækjabúnaðar og bókasafns. Lokið var við innréttingu á húsnæði Náttúrustofunnar á 2. hæð ráðhússins í Stykkishólmi með því að koma þar fyrir skrifstofuaðstöðu fyrir tvo (auk aðstöðu fyrir forstöðumann, sem þarna var fyrir), ásamt fund- og vinnuborði og bókahillum.

Tækjavæðingu rannsóknastofu á 2. hæð var haldið áfram og hafinn var undirbúningur þess að innrétta hluta kjallara hússins fyrir aðra rannsóknastofu, þar sem vera á aðstaða til krufninga, meðhöndlunar sjávar- og fjörusýna o.fl.

Töluvert bættist vð bókakost Náttúrustofunnar á árinu en uppbygging hans mun þó halda áfram enn um skeið.

## 2.5. Samstarf

Á árinu tókst ágætt samstarf við ýmsa aðila og drög voru lögð að samstarfi við enn fleiri. Enn sem komið er, er samstarfið frekar við einstaklinga innan stofnana en á formlegan hátt við stofnanirnar sem heild. Dæmi um þetta er ágætt samstarf við einstaklinga innan Líffræðistofnunar Háskólans og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Náið samstarf hefur verið við Veiðistjóraembættið og að sjálfsögðu Breiðafjarðar nefnd. Að auki var ágætt og vaxandi samstarf og samráð milli náttúrustofanna víðs vegar um landið.

## 3. NÁTTÚRUFRAÐISAFN Í STYKKISHÓLMI

Samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992, er gert ráð fyrir því að náttúrustofur geti lomið að uppsetningu og rekstri náttúrusýninga, svo lengi sem fjárhagur sýninganna sé aðskilinn náttúrustofunum.

Vesturland hefur upp á að bjóða mjög sérstæða náttúru. Það á ekki síst við um Snæfellsnes og Breiðafjörð, sem geyma mörg áhugaverð náttúrufræðisvæði, bæði hvað varðar jarðfræði og lífríki. Þá er vannýttur sá möguleiki að gera Snæfellsnesið að miðstöð náttúruskoðunar.

Í nóvember vann starfsmaður Náttúrustofunnar að mótun og skipulagningu hug-myndar sinnar um nútímalegt og gagnvirkt náttúrufræðisafn í Stykkishólmi, með það að leiðarljósi að búa til gott fræðslusafn, þar sem fólk gæti upplifað undur náttúrunnar með notkun ljóss, hljóðs, snertingar og tölva með snertiskjám. Gert var

ráð fyrir að útbúa glæsilegt safn, þar sem allir aldurshópar ættuð finna eitthvað við sitt hæfi. Hugmyndin var lögð fyrir bæjarstjóra og síðar bæjarstjórn. Henni var mjög vel tekið og mun hún væntanlega verða þróuð frekar. Bærinn hefur fest kaup á húsi, sem gæti hentað vel undir starfsemi náttúrufræðisafns en endanleg ákvörðun um notkun hússins hefur ekki verið tekin.

#### 4. STARFSFÓLK

Með framlagi frá ríki eru tryggð laun fyrir forstöðumann. Fram á mitt ár 2001 var forstöðumaðurinn eini starfsmaður Náttúrustofunnar en þá voru tveir starfsmenn til viðbótar ráðnir til starfa, annar í varanlegt hlutastarf en hinn í tímabundið fullt starf. Undir lok ársins var síðan ráðinn líffræðingur í hlutastarf.

**Róbert Arnar Stefánsson** (M.S.), líffræðingur, hefur verið forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands í 100% starfi frá 1. desember 2000. Hann hefur sinnt hefðbundnum stjórnunarstörfum og unnið að uppbyggingu Náttúrustofunnar. Samhliða hefur hann stundað rannsóknastörf, aðallega á sérsviði sínu sem eru minkar, en þó hefur hann einnig komið að rannsóknum á fuglum. Hann sótti námskeið í eiturefnavistfræði í Háskóla Íslands á vormisseri.

**Sigríður Elísabet Elisdóttir** er starfsmaður Breiðafjarðarnefndar í 25% starfi. Hún sinnir daglegum rekstri nefndarinnar, undirbýr fundi, ritar fundargerðir o.fl.

**Heimir S. Kristinsson** var ráðinn í fullt starf sem aðstoðarmaður við minkarannsóknir í tvo mánuði seinni hluta sumars en í hlutastarf í september og október. Starf hans fólst einkum í lagningu lífgilda fyrir minka, vitjun um þær og merkingu á minkum.

**Menja von Schmalensee** (B.S.), líffræðingur, var ráðin í hlutastarf frá 1. nóvember. Hún starfaði að ýmsum verkefnum á árinu, s.s. uppsetningu rannsóknaaðstöðu og vali á rannsóknabúnaði, undirbúningi að flutningi háhyrningsins Keikós til Stykkishólms, undirbúningi að uppsetningu náttúrufræðisafns í Stykkishólmi og skipulagi rannsókna á örnum. Að auki vann hún ýmsa hönnunarvinnu fyrir Náttúrustofuna.

#### 5. FYRIRLESTRAR ÁRSINS

Á árinu hélt forstöðumaður eftirfarandi opinbera fyrirlestra:

- Áhrif minks á íslenska stofna fugla og fiska. Ráðstefna Líffræðifélags Íslands um innfluttar tegundir og stofna, 7. apríl 2001.
- Kynning á hlutverki og starfsemi Náttúrustofu Vesturlands, sérstaklega minkarannsóknnum. Fundur Æðarræktarfélags Snæfellinga, haldinn í Stykkishólmi, 2. nóvember 2001.
- Kynning á hlutverki og starfsemi Náttúrustofu Vesturlands, sérstaklega minkarannsóknnum. Fundur Lionsklúbbs Stykkishólms, haldinn í Stykkishólmi, 8. nóvember 2001.
- Kynning á minkarannsóknnum Náttúrustofu Vesturlands. Aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands haldinn í Reykjavík, 10. nóvember 2001.

## 6. RITASKRÁ ÁRSINS

- Róbert Arnar Stefánsson (2001). Minkur sem framandi lífvera í íslensku vistkerfi. Innfluttar tegundir og stofnar. Allt í fína eða bölg og pína? Ráðstefna Líffræðifélags Íslands í Norræna húsinu, 7. apríl 2001. Útdráttur.
- Róbert Arnar Stefánsson (2001). Notkun minkapvags og mismunandi gerða ætis til minkaveiða. Skýrsla unnin fyrir Veiðistjóraembættið. Náttúrustofa Vesturlands. 23 bls.
- Róbert Arnar Stefánsson (2001). Toppskarfar úr Breiðafirði – aldurshlutföll og dánarorsök. Dómkvödd matstörf fyrir Héraðsdóm Vestfjarða. Náttúrustofa Vesturlands. 5 bls.
- Róbert Arnar Stefánsson (2001). Saurgerlar í sjó við Stykkishólm. Skýrsla unnin fyrir Stykkishólmsbæ. Náttúrustofa Vesturlands. 7 bls.
- Róbert Arnar Stefánsson og Menja von Schmalensee (2001). Is it sensible to move the killer whale Keiko to a non-enclosed bay in Breidafjörður? Skýrsla unnin fyrir Ocean Futures. Náttúrustofa Vesturlands. 18 bls.
- Róbert Arnar Stefánsson, Áki Ármann Jónsson og Páll Hersteinsson (2001). Stærð minkastofnsins í Skagafirði 2000. Veiðidagbók veiðistjóraembættisins.